



Fundargerð Skipulags og umhverfisnefndar 4. desember 2019

Fundur skipulags- og umhverfisnefndar Vopnafjarðarhrepps

4. desember 2019, haldinn í Hamrahlíð 15 kl. 8:00

Mætt til fundar: Borghildur Sverrisdóttir, Lárus Ármannsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Ragna Lind Guðmundsdóttir, Ingólfur Daði Jónsson og Ingólfur Arason.

Einnig sátu fundinn Þór Steinarsson, sveitarstjóri, er ritaði fundargerð og Sigurður Jónsson byggingafulltrúi í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá:

1. Smáhýsi við lóð Miðbraut 15

Sótt er um leyfi til byggingar smáhýsis á lóðinni. Smáhýsið uppfyllir ekki lið tvö í grein 2.3.5, lið G í byggingarreglugerð sem snýr að fjarlægð frá húsi. Óskað er eftir undanþágu á þeim forsendum að reykskynjari verði settur upp í smáhýsinu sem tengdur er við reykskynjara inni í húsi. Nefndin samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti að gefnu samþykki eldvarnareftirlitsins. Samþykkt með atkvæðum fimm nefndarmanna. Ingólfur Arason situr hjá.

2. Umsókn um byggingarleyfi frá Brim - viðbygging við fiskmjölsverksmiðju

Lagt er fram erindi um viðbyggingu við fiskmjölsverksmiðju við Hafnarbyggð 12. Viðbyggingin er hönnuð í sama anda og aðalhús fiskmjölsverksmiðjunnar. Samskonar veggja- og þakfyrirkomulag. Um er að ræða stálgrind klædda með samlokueiningum. Viðbyggingin kemur upp að verksmiðjuhúsinu og tengigangi og verður hurðarop frá honum í viðbygginguna. Viðbyggingin er ekki sýnileg frá götum eða gangstéttum. Í erindinu kemur fram að viðbyggingin uppfylli kröfur byggingareglugerðar. Ekki sé um neina röskun á burðarviki núverandi bygginga að ræða og að viðbyggingin komi upp að steiptum útvegg verksmiðjunnar sem er brunahólfandi og verður áfram þannig.

Samþykkt samhljóða.

3. Beiðni Landsnets um aðalskipulagsbreytingu vegna breytinga á Vopnafjarðarlínu 1 á Hellisheiði eystri

Landsnet vinnur að undirbúningi á lagningu jarðstrengs yfir Hellisheiði eystri í stað loftlínu. Tilgangur vinnunnar er að auka afhendingaröryggi á Vopnafirði og draga úr áhættu starfsmanna Landsnets vegna viðhalds og viðgerða á loftlínu. Óskað er eftir að sveitarfélagið hefji vinnu við breytingar á aðalskipulagi með gerð skipulags- og matslýsingar.

Samþykkt samhljóða

4. Samningur við Kolvið um væntanlegt svæði undir kolefnisskóg

Lögð fram drög að samningi á milli Vopnafjarðarhrepps og Kolviðar um leigu á landi undir skóg til kolefnisbindingar auk tillagna um svæði undir kolefnisskóg inn í samninginn. Nefndin er jákvæð gagnvart samningi og samningsvæðum. Bent var á að gæta að því að ekki verði snjósöfnun við akvegi.

5. Aðalskipulag – verkefni og lýsing

Lögð fram drög að lýsingu og verkáætlun á endurskoðun aðalskipulags Vopnafjarðar 2020-2040. Nefndin samþykkir að lýsingin verði kláruð á þeim forsendum sem koma fram í drögnum og komu fram á

Ibúafundi sl mánudag. Samþykkt samhljóða.

6. Grenndarkynning á strandblakvelli. Staðsetningin er í samræmi við deiliskipulag og því er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún borin upp til samþykktar. Hún samhljóða samþykkt – fundi slitið kl. 9:43.